

Gjaldið hefur lögtaksrétt og er tryggt með veði í lóð og mannvirkjum næstu 2 ár eftir gjalddaga þess með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði án tillits til eigendaskipta.

5. gr.

Um gjalddaga og innheimtu holræsagjalds fer með sama hætti og um fasteignaskatt, enda skulu gjöld þessi innheimt sameiginlega.

6. gr.

Stofngjald holræsa skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru við fráveitur í eigu Breiðdalshrepps. Gjaldið skal lagt á og innheimt við veitingu byggingarleyfis.

Stofngjald holræsa skal vera sem hér segir:

Landnotkunarflokkur samkvæmt aðalskipulagi		Grunngjald, kr.	m ³ -gjald, kr.	Athugasemdir
A	Byggingar á íbúðarsvæðum, svæðum fyrir verslun og miðsvæðum	30.000	20	m ³ -gjald reiknast af m ³ umfram 400. Hámarks-gjald er kr. 200.000
B	Byggingar á öðrum svæðum (athafnasvæði, iðnaðarsvæði, stofnanasvæði o.fl.)	40.000	20	m ³ -gjald reiknast af m ³ umfram 1.000. Hámarks-gjald er kr. 200.000

7. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt um fráveitur í Breiðdalshreppi nr. 347/2005, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og X. kafla vatnalaga nr. 15/1923 og var samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps þann 10. febrúar 2005, að fenginni umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands, til að taka gildi við birtingu.

Breiðdalsvík, 26. apríl 2005.

Sigfríður Þorsteinsdóttir sveitarstjóri.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 416/2003.

1. gr.

II. viðauki reglugerðarinnar orðist svo:

II. VIÐAUKI

Viðurkenning erlendra skírteina.

Siglingastofnun Íslands skal viðurkenna erlend skírteini í samræmi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/25/EB frá 4. apríl 2001 um lágmarkspjálfun sjómanna, með síðari breytingum, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/103/EB frá 17. nóvember 2003. Taka skal mið m.a. af 18. gr. hennar og II. viðauka „Viðmiðanir sem um getur í a-lið

3. mgr. 18. gr. fyrir viðurkenningu þriðju landa, sem hafa gefið út skírteini, eða veitt öðrum umboð til að gefa út skírteini.“ Tilskipanirnar eru hluti samningsins um Evrópska efnahags-svæðið og eru birtar í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 17. gr. laga um áhafnir íslenskra farþegaskipa og flutningaskipa, nr. 76/2001, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/103/EB frá 17. nóvember 2003 um breytingu á tilskipun 2001/25 um lágmarkspjálfun sjómanna, sem vísað er til í 56j lið í XIII. viðauka EES-samningsins eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2004 frá 9. júlí 2004.

Samgönguráðuneytinu, 18. apríl 2005.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 464/2001,
um takmörkun á nikkeli í tilteknum vörum.**

1. gr.

Liður a) í 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Pinna sem stungið er í götuð eyru eða aðra gataða líkamshluta nema hraði losunar nikkels frá pinnanum sé minni en $0,2 \mu\text{g}/\text{cm}^2/\text{viku}$ (flæðimörk), mælt með aðferð 2 sem lýst er í 5. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun 2004/96/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun á nikkeli í götunarpinum svo aðlaga megí I. viðauka að tæknilegum framförum, sem vísað er til í 4. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2005, þann 12. mars 2005.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 25. apríl 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnadóttir.